

PERSÓNUVERNDARSTEFNA

EIKAR FASTEIGNAFÉLAGS HF.

1. INNGANGUR

- 1.1. Eik fasteignafélag hf. og dótturfélög þess (hér eftir „Eik“ eða „félagið“) leggur áherslu á persónuvernd í starfsemi sinni og leggur sig fram um að tryggja vernd og öryggi þeirra persónuupplýsinga sem félagið hefur undir höndum hverju sinni. Stefna þessi lýsir vinnslu félagsins á persónuupplýsingum einstaklinga og í hvaða tilgangi þeirra er aflað.
- 1.2. Persónuverndarstefnunni er ætlað að stuðla að því að söfnun og vinnsla þess á persónuupplýsingum leigutaka, ábyrgðarmanna, hluthafa, umsækjenda um störf og annarra einstaklinga, sé í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma. Stefnan tekur ekki til starfsfólks félagsins.

2. TILGANGUR VINNSLU

- 2.1. Eik vinnur upplýsingar um leigutaka og tengiliði þeirra þegar um lögaðila er að ræða, ábyrgðarmenn, hluthafa, umsækjendur um störf og einstaklinga sem eru viðskiptavinir, birgjar eða eru af öðrum ástæðum í samskiptum við félagið, s.s. þeir sem senda félaginu fyrirspurnir vegna eigna eða starfa (hér eftir sameiginlega vísað til „skráðra einstaklinga“).
- 2.2. Til persónuupplýsinga teljast hvers kyns persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar sem tengja má beint eða óbeint til tiltekins einstaklings, s.s. nöfn, kennitölur, heimilisföng og netföng. Félaginu er eftir atvikum skylt á grundvelli laga að vinna persónuupplýsingar skráðra einstaklinga. Þá kann félaginu að vera nauðsynlegt að vinna með slíkar upplýsingar á grundvelli samnings eða beiðni skráðs einstaklings um að gera samning, en jafnframt kann upplýsinga að vera aflað á grundvelli lögmætra hagsmuna félagsins eða samþykkis skráðs einstaklings.
- 2.3. Í starfsemi Eikar er meðal annars unnið með persónuupplýsingar til að:
 - auðkenna einstaklinga svo hægt sé að hafa samband við þá;
 - tryggja öryggi manna og eigna, s.s. með öryggismyndavélum;
 - gera samninga við leigutaka, birgja, verktaka og þjónustuaðila;
 - félagið geti innt þjónustu af hendi og sinnt samningsskyldum sínum;
 - taka á móti greiðslum og inna af hendi greiðslur, þ.á m. arðgreiðslur og staðgreiðslu skatts;
 - meta greiðslugetu og innheimta kröfur;
 - meta starfsumsóknir, s.s. til að sannreyna upplýsingar frá umsækjanda og með öflun meðmæla;
 - taka á móti tillögum frá hluthöfum og framboðum í stjórn félagsins og nefndir á vegum þess, s.s. til að sannreyna upplýsingar um viðkomandi einstaklinga;
 - gera greiningar í viðskiptalegum tilgangi og í tengslum við viðskiptaþróun; og
 - halda hlutaskrá, halda utan um mætingu og atkvæðagreiðslur á hluthafafundum.

- 2.4. Söfnun og vinnsla nauðsynlegra persónuupplýsinga er í vissum tilvikum forsenda þess að Eik geti veitt þjónustu, s.s. að útvega viðkomandi aðila húsnæði til leigu. Þá getur skráðum einstaklingi verið skylt samkvæmt lagaboði að afhenda persónuupplýsingar.
- 2.5. Eik notast ekki við sjálfvirkar ákvarðanatökur, þar með talið gerð persónusniðs, í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Ef notast verður við sjálfvirkar ákvarðanatökur mun félagið upplýsa um slíka notkun í samræmi við ákvæði laga þar um.

3. ÖRYGGI, VARÐVEISLA OG MIÐLUN

- 3.1. Eik leggur áherslu á að tryggja örugga varðveislu persónuupplýsinga með viðeigandi tæknilegum öryggisráðstöfunum. Félagið hefur sett sér sérstaka öryggisstefnu til að vernda allar upplýsingar félagsins, þ.m.t. persónuupplýsingar.
- 3.2. Eik vistar persónuupplýsingar og aðrar upplýsingar í tölvukerfum félagsins eða öðrum kerfum sem eru í viðurkenndri hýsingu. Félagið varðveitir ekki aðrar persónuupplýsingar lengur en nauðsynlegt þykir með hliðsjón af tilgangi vinnslunnar.
- 3.3. Eik áskilur sér rétt til að afhenda þriðja aðila ópersónugreinanlegar upplýsingar í lögmætum tilgangi. Þá áskilur Eik sér rétt til að afhenda persónuupplýsingar til þriðju aðila sem starfa fyrir félagið innan EES svæðisins, s.s. ráðgjafa og þjónustuaðila, sem þá skulu bundnir trúnaði um allar upplýsingar. Þá kunna persónuupplýsingar að verða látnar þriðja aðila í té í tengslum við samruna, yfirtöku, slit félagsins eða í öðrum sambærilegum tilvikum. Skulu slíkir aðilar jafnframt vera bundnir trúnaði.
- 3.4. Félagið mun ekki nota upplýsingarnar í öðrum tilgangi en sem fram kemur í stefnu þessari eða afhenda þær þriðja aðila, nema á grundvelli lagaheimildar, stjórnvaldsfyrirmæla, dómsúrskurðar eða sérstaks samþykkis skráðs einstaklings.

4. RÉTTUR SKRÁÐRA EINSTAKLINGA

- 4.1. Skráðir einstaklingar eiga rétt á að óska eftir aðgengi og afrit af persónuupplýsingum um þá sjálfa sem vistaðar eru hjá félaginu, óska eftir leiðréttingu, eyðingu eða mótmæla vinnslu persónuupplýsinga. Slík réttindi eru þó ekki fortaklaus og undantekningar geta átt við, s.s. vegna réttinda þriðju aðila, ef félaginu ber sérstök skylda til varðveislu slíkra gagna eða félagið varðveitir upplýsingar á grundvelli réttmæts tilgangs. Skráðir einstaklingar geta jafnframt, hvenær sem er, afturkallað samþykki sitt fyrir vinnslu persónuupplýsinga sem byggð er á samþykki.
- 4.2. Skráðir einstaklingar eiga undir vissum kringumstæðum rétt að fá persónuupplýsingar sínar sem þeir láta félaginu í té til sín á tölvutæku formi, eða fá þær fluttar til annars ábyrgðaraðila, en slíkur réttur kann að vera háður takmörkunum samkvæmt lögum.
- 4.3. Skráðir einstaklingar geta lagt fram kvörtun hjá til þess bæru eftirlitsstjórnvaldi, s.s. Persónuvernd, telji þeir að vinnsla félagsins á persónuupplýsingum samrýmist ekki gildandi lögum og reglum.
- 4.4. Gildandi persónuverndarstefna félagsins á hverjum tíma skal birt á heimasíðu félagsins www.eik.is. Fyrirspurnir vegna stefnunnar skulu sendar á eik@eik.is eða með því að hafa samband við skrifstofu félagsins að Álfheimum 74, Reykjavík eða í síma 590 2200.

5. **BREYTINGAR**

Eik áskilur sér rétt til að breyta persónuverndarstefnu félagsins hvenær sem er, s.s. ef að vinnsla persónuupplýsinga hjá félaginu er breytt frá því sem lýst er í stefnu þessari eða vegna breytinga á lögum og reglum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

ÞANNIG SAMÞYKKT Á STJÓRNARFUNDI HINN 12. FEBRÚAR 2019